

## GJALDSKRÁ

**fyrir norræna umhverfismerkið, Svaninn.**

1. gr.  
*Gildissvið.*

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald vegna notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum, skv. reglugerð um umhverfismerki nr. 525/2006.

2. gr.  
*Umsóknargjald.*

Umsóknargjald fyrir leyfi til notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum, skv. 10. gr. reglugerðar nr. 525/2006, er eftirfarandi:

- a) Almenn gjald 220.000 kr.
- b) Gjald fyrir lítil fyrirtæki 110.000 kr. Gjaldið gildir fyrir fyrirtæki með minna en 10 starfsmenn/ársverk og heildarveltu undir 200 m. kr.
- c) Endurnýjunargjald 110.000 kr. og 55.000 kr. fyrir lítil fyrirtæki skv. b-lið.

Gjaldið greiðist þegar umsókn er lögð fram sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Heimilt er að innheimta viðbótargjald vegna kostnaðar við nauðsynlegar prófanir og sannprófanir, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Kostnaður vegna nauðsynlegra úttekta sem fram fara á öðrum Norðurlöndum er gjaldfrjáls en innheimt er vegna slíkra úttekta sem fram fara utan Norðurlandanna.

Skrásetning leyfis hér á landi fyrir vörur eða þjónustu sem fengið hafa norræna umhverfismerkið á öðrum Norðurlöndum er gjaldfrjáls.

3. gr.  
*Almennt árgjald.*

Umhverfisstofnun innheimtir árgjald vegna notkunar norræna umhverfismerkisins. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af kostnaði við eftirlit, kynningu, fræðslu og rekstur merkisins ásamt þróun viðmiðunarreglna.

Árgjald vöru sem ber norræna umhverfismerkið er 0,3% af veltu vörunnar á ári. Árgjald þjónustu sem ber norræna umhverfismerkið er 0,15% af veltu þjónustunnar á ári.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er lágmarksárgjald 15.000 kr. og hámarksárgjald 2.500.000 kr. Hámarksárgjald fyrir fyrirtæki með fleiri en eina Svansmerkta vörutegund eða þjónustu er 5.000.000 kr.

4. gr.  
*Sérstakt árgjald.*

Þrátt fyrir 3. gr. greiða rekstraraðilar eftirfarandi fyrirtækja gjald skv. eftirfarandi reiknireglum: Árgjald fyrir:

- 1) hótél og gististað er:  
0,15% af veltu ársins vegna gistingar.  
Hámarksgjald fyrir hvert hótél og gististað er 500.000 kr.
- 2) veitingastað er:  
0,15% af veltu ársins.  
Hámarksgjald fyrir hvern veitingastað er 500.000 kr.
- 3) fyrirtæki á sviði ræstinga og hreinsunar er:  
0,15% af veltu ársins.  
Hámarksgjald fyrir hvert fyrirtæki á sviði ræstinga og hreinsunar er 500.000 kr.
- 4) verslun er:  
0,3% af framlegð ársins.  
Hámarksgjald fyrir hverja verslun er 500.000 kr.
- 5) prentsmiðju er:
  - a) 220 kr. á hvert tonn vegna innkaupa á pappír að 2.000 tonnum.

b) 130 kr. á hvert tonn vegna innkaupa á svansmerktum pappír að 2.000 tonnum.

c) 60 kr. á hvert tonn vegna innkaupa á pappír umfram 2.000 tonn.

Hámarksárgjald fyrir hverja prentsmiðju er 3.000.000 kr.

5. gr.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá um norrænt umhverfismerki nr. 233/1998.

*Umhverfissráðuneytinu, 3. maí 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.*